



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ásgeirs Ásgeirssonar  
1. janúar 1964

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Við hjónin flytjum yður, héðan frá Bessastöðum, innilegar þakkir fyrir liðið ár og bestu nýársóskir. Eins og jafnan áður höfum við svo margt að þakka, að of langt yrði upp að telja, þó tíma mínum væri til þess eins varið.

Við höfum víða farið og marga hitt á nýliðnu ári, meðal annars í hringferð kringum landið. Við fögnum því hve góð lífskjör og aðbúð er almennt orðin með þjóðinni. Á bak við liggur löng þróun, og stórstíg síðustu áratugina. Í lok þessa mánaðar eru 60 ár liðin síðan þjóðin eignaðist hinn fyrsta íslenska ráðherra, búsettan í landinu. Mér er sá atburður í barnsminni. Það verður ekki annað sagt en að heimastjórn, fullveldi og síðast endurreisn lýðveldis hafi borið margfaldan ávöxt.

Það er óþarft að bera upphaf og lok þessa 60 ára tímabils saman í einstökum atriðum. Landið er endurbyggt á þessum árum, aðeins nokkur timburhús og örfá steinhús standa eftir frá eldri tíma, og langflestar jarðir í öllum héruðum húsaðar að nýju. Eftir því fara önnur kjör og starfsmöguleikar. Og sama máli gegnir um skipastólinn. En þess skulum vér jafnan gæta, að það sem lyftir þjóðinni, gerist ekki allt á Alþingi eða fyrir breytta stjórnskipun. Það eru þúsundir forystumanna í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, sem standa í fylkingarbrjósti, og afköstin byggjast á ötulu, þróttmiklu starfsliði. Og þá eru ótaldir menningarfrömuðir á öllum sviðum, í bókmenntum, listum, skólum og kirkjum landsins. Þeirra tala er há, sem eiga þjóðarþökk, þó hún komi ekki ætíð réttlátlega til skila. Flestir fá sinn ríflega skerf við útför sína, en fullnaðardómur bíður venjulega, þar til sagnfræðin fær betri yfirsýn. Þá vatnar yfir láglandið, en tindarnir blána í fjarska.

Hinn fyrsta síðasta mánaðar voru 45 ár liðin frá því Sambandslögin gengu í gildi. Það var hið stærsta spor í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, fullveldi og réttur til einhliða uppsagnar sambandsins við Danmörku að 25 árum liðnum. Á því tímabili óx þjóðinni fiskur um hrygg, og hafði raunar fengið full umráð allra sinna mála áður en fresturinn var útrunninn. Íslendingar voru á þessu tímabili frjáls þjóð, fullvalda ríki og báru þá jafnframt alla ábyrgð á sjálfum sér, stjórnarfari og þjóðarbúskap.

Þjóðin var ekki við öllu búin og má þetta tímabil teljast þroska- og undirbúningsstími undir lýðveldisstofnun. Ég minnst þess, þegar fyrst var gerður greinarmunur á gengi íslenskrar og danskrar krónu, að þá héldu sumir að hér væri um að ræða nýtt herbragð af danskra hálfu til að lítillækka Íslendinga. En að sjálfsögðu bárum vér sem fullvalda þjóð ábyrgð á vorum eigin gjaldeyri og greiðslujöfnuði.

Þeir voru víst ekki margir, sem þá, í upphafi, skildu til nokkurar hlítar þessi orð: gengi og greiðslujöfnuður, eða gildi þeirra fyrir fjárhagslegt sjálfstæði. Og þó vér skiljum það öll núna, hvað í því felst, þá eru átök hörð um markmið og leiðir í

þjóðarbúskap, enda er sú skoðun orðin ráðandi, að þingi og stjórn beri skylda til að skapa almenningi svo góð lífskjör sem framleiðsla og útflutningur leyfir. Á þessu sviði er nú hættast við átökum, eins og launabarátta og verkföll síðasta árs bera skýrastan vott um. Vér fögnum því öll af einlægum huga, að vinnufriður komst á nú fyrir hátíðar. Svo viðkvæm erum vér enn fyrir jólum og áramótum, að vér eigum erfitt með að setta oss við, að allt logi í deilum, þegar friður á jörðu er boðaður, og velþóknun með mönnum. Ég á að sjálfsögðu ekki við, að átök megi ekki eiga sér stað, en bæði átök og áróður verða að vera innan þeirra takmarka, sem þjóðareiningin þolir.

Ég minnst tveggja hátíða, þegar ríkti fullkomin þjóðareining og fögnuður: Alþingishátíðarinnar og Lýðveldisstofnunar árið 1944. Á næsta vori er 20 ára afmæli hins unga lýðveldis. „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn,“ – þannig hljóða lokaorð langrar baráttu hinna bestu manna, og upphafsorð nýrrar aldar í sögu Íslendinga. Það skipti um svið, en lífsbaráttan heldur áfram, baráttan fyrir góðri afkomu og öryggi þegns og þjóðar. Og þannig varðveitist afmælisfögnuðurinn best, að vér sýnum í orði og verki, að vér séum til þess hæfir og verðskuldum að vera alfrjáls og fullvalda þjóð, sem rækir jafnt skyldur sínar sem réttindi.

Ég hefi áður nefnt hið fjárhagslega sjálfstæði, og skal nú bæta við öðru höfuðviðfangsefninu, sem oss bætist með fullveldi og lýðveldisstofnun, utanríkisþjónustunni. Hver er sínum hnútum kunnugastur, og það liggur í augum uppi, að erlendir fulltrúar, ókunnugir vorum hag og háttum, gátu ekki, þrátt fyrir besta vilja, rekið öll íslensk erindi. Þar fyrir nutum vér þó lengi vel tveggja ópersónulegra fulltrúa, ef ég má svo segja, þar sem voru fornbókmenntir vorar og Alþingi að fornu og nýju. Hinir ágætustu menn, einkum í Skotlandi, Englandi, Þýskalandi og á Norðurlöndum, sömdu ágæt rit um menningararf Íslendinga. Þeir fluttu þann boðskap, að Íslendingar væru sér um þjóðerni og forna héraðs- og þingstjórn. Það var oss ómetanleg hjálp á hinum fyrstu uppgangsárum, og kunni Jón Sigurðsson vel að notfæra þá aðstoð.

Nú höfum vér byggt upp vora eigin utanríkisþjónustu, svo vel sem vér teljumst hafa efni á. Þar var Sveini Björnssyni falið að ryðja brautina. Það er og staðreynd, að þjóðin hefir nú, einkum eftir hina síðari styrjöld, á að skipa ágætum starfsmönnum á flestum sviðum, sem skilja vel samtíðina og viðfangsefni hennar, og gildir það ekki síst um utanríkis- og fjárhagsmál. Hafa þeir bæði fengið betri skóla, vegna batnandi fjárhags, og meiri reynslu, vegna vaxandi alþjóðastarfsemi en áður var kostur á. Minnst ég þess, sem Jón Krabbe sagði eitt sinn við mig fyrir löngu, að ein ríkasta þörf íslensku þjóðarinnar væri að koma sér upp starfslíði, sem gæti horfst beint í augu við erlenda sérfræðinga.

Einn erfiðasti samningur, sem þjóðin hefir átt við að búa, er gamli þriggja mílna landhelgis samningurinn, enda gerður í upphafi togaraaldar. Þá varð þröngt fyrir dyrum útvegsbóndans á sínum róðrabát eða litla vélbát, og auk þess við allsendis ónóga landhelgisgæslu. Einn stærsti sigur og ávinningur, síðan Íslendingar tóku í sínar hendur utanríkismálin, er útfærsla landhelginnar. Á síðasta stigi þess máls var þjóðin sammála um 12 mílna kröfu, en að sjálfsögðu mátti deila um aukaatriði, eins og oftast vill verða. Leiddi þetta til alvarlegra átaka við Breta, eins og kunnugt er, en leystist stórslysalaust.

Sættir hafa nú tekist að fullu og m.a. til að gera það lýðum ljóst, bæði héraðs og í Bretlandi, bauð forsætisráðherra Bretlands okkur hjónunum og Guðmundi I. Guðmundssyni, utanríkisráðherra, og hans konu, í opinbera heimsókn, sem nú er nýafstaðin. Þetta heimboð var drengskaparbragð, og Bretum líkt. Þeir eru ekki

langræknir. Og þó sumum kunni að þykja múrarnir þykkir, þegar þeir koma fyrst, ókunnugir, til Lundúnaborgar, þá eru engir betri heim að sækja, brosið hlýtt og handtakið þétt, þegar komið er inn fyrir múrana. Jafnvel formenn breskra togarasamtaka létu ekki sitt eftir liggja að koma á fund okkar og skrifa vinsamlegar kveðjur í blöð, eins og að lokinni bændaglímu.

Okkur þótti að sjálfsgöðu mikið til koma að heimsækja Bretadrottningu og mann hennar, prins Philip, í Buckinghamhöllinni, Sir Alec Douglas Hume forsætisráðherra, í Downing Street 10, og borgarstjórnann í Guildhall.

Ég hefði áður komið tvisvar í Downing Street 10, og hitt fyrst McDonald og síðar Lord Baldwin, og þekktu þeir báðir vel til Íslands af frásögn William Morris, sem hafði heimsótt Ísland og þýtt og ort útaf Íslendingasögum. Urðu þeir á sinni tíð vel við mínum málaleitunum. Að vísu sagði Baldwin, að sín stærstu vonbrigði á ævinni stæðu í sambandi við Ísland, því að þegar Morris hafi komið að kveðja móður sína, áður en hann lagði í Íslandsferðina, hafi hann klappað á kollinn á sér, og lofað að gefa sér íslenskan hest, þegar hann kæmi til baka. En hesturinn kom aldrei. Hér ásannaðist þó það, sem ég sagði, að íslenskar fornbókmenntir hafa reynst oss góður fulltrúi. Líkt er að segja um Sir Alec, hann er Skoti, en þeir eru vorir næstu nágrannar, þekkingu til sögu Íslands og sýna oss jafnan mikla vinsemd.

Hjá drottningu og borgarstjóra nutum við hinnar mestu gestrisni og viðhafnar, sem Englendingum er svo töm, hallarstíll og fornir búningar, skikkjur og skarthurfur. Þar sómði íslenski skautbúningurinn sér vel. En þessi íhaldssemi Englendinga er aðeins á ytra borðinu, því hið innra með sér eru þeir raunsæir nútímamenn, og fúsir og fljóttir til að semja sig að nýjum og breyttum háttum í hugsun og framkvæmd. Ég drep aðeins á þessi atriði, og of langt mál að rekja ferðasöguna, enda er hún áður komin að nokkru leyti í útvarpi.

Þó vil ég ekki láta hjá líða að nefna heimboðin til háskólanna í London, Oxford, Leeds og Edinborg, og British Museum. Þau heimboð voru engin tilviljun, heldur áttu þau rót sína að rekja til þess, sem ég endurtek enn, íslenskra fræða og sögu. Þar voru okkur sýndir margir dýrgripir íslenskra handrita og elstu prentaðra bóka, og bar margt á góma um íslensk og engil-saxnesk fræði, enda munu hvorirtveggja hafa skilið annars mál, Aðalsteinn konungur og Egill Skallagrímsson, þegar hann dvaldi með konungi á Englandi. Titill drottningar „The Queen“ er engil-saxneska, og sama orðið og „kvon“ á íslensku í kvonfang og kvonbænir. Í Oxford sá ég bók, sem ég raunar þekkti áður, um „Hamlet í íslenskum bókmenntum“, en hann er fyrst nefndur í Snorra-Eddu og heitir þar Amlóði. Um hann eru og Brjánsögur í íslenskum þjóðsögum, og nokkrir rímnaflokkar. En mikill munur er á leikriti Shakespeare og íslenskum Amlóðarímum. Veldur hver á heldur, þó söguefni sé hið sama. Butler, utanríkisráðherra, bauð okkur í leikhús til að sjá „Hamlet“. Það var stórkostleg sýning að efni og meðferð. Því væna þótti mér um að sjá Hamlet hér í Þjóðleikhúsinu um jólin til samanburðar. Sú sýning tókst mjög vel, og enginn amlóðabragur eins og á rímunum. En hér verð ég að láta staðar numið.

Ég hefi lagt nokkra áherslu á það, að vér Íslendingar njótum erlendis vors menningararfs í ríkum mæli í hóp menntamanna og margra valdsmanna, og er það þjóð vorri ómetanlegur styrkur. Persónuleg viðkyrning og vinátta við nágranna- og viðskiptaþjóðir vorar og ráðamenn þeirra, er vorri fámennu þjóð nauðsyn. Þekking á Íslandi nútímans fer vaxandi meðal þeirra, sem máli skiptir. Vér erum ekki lengur utan sjóndeildarhringsins, og vér fögnum því, þegar oss er sýndur skilningur og vinahót.

Ég vil að lokum bæta við söguna og bókmenntirnar öðrum ólaunuðum fulltrúa Íslands erlendis, en það eru allir þeir Íslendingar, sem þar búa, ýmist við nám eða heimilisfastir. Við höfum á ferðum okkar hitt fjölda þeirra, og ekki síst nú á Englandi og Skotlandi. Það er ánægjulegt, hve oft maður verður þess var, hve vel þeir bera ættlandi sínu söguna með framkomi sinni, hæfileikum og starfi. Tryggð og ástúð, sem þeir sýna við svona tækifæri, er með ágætum. Það ber oss að þakka, enda má Fjallkonan vart við því að missa neitt af börnum sínum.

Að svo mæltu óskum við hjónin öllum gleðilegs nýárs og þjóðinni gæfu og gengis á þessu nýbyrjaða ári og Guðsblessunar.